

# Afbrotatölfræði

## júní 2015

## Aðferð

Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um að ræða bráðabirgðatölur. Tölurnar kunna að breytast með brotum sem kærð eru seint og geta því verið frábrugðnar endanlegum tölum.


**Hér er fjöldi afbrota í júní borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði.**

### Á tímabilinu fækkaði:

- Innbrotum á heimili
- Ofbeldi gagnvart lögreglumönnum
- Kynferðisbrotum
- Umferðarlagabrotum

### Á tímabilinu fjölgaði:

- Hegningarlagabrotum
- Þjófnum
- Innbrotum
- Ofbeldisbrotum
- Nytjastuldum
- Fíkniefnabrotum
- Akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna
- Ölvun við akstur
- Umferðarslysum





Hlutfallsleg breyting á fjölda brota í júní samanborið við meðaltal síðustu þriggja mánaða á undan.



# Hegningarlagabrot


- Í júní voru skráð 745 hegningarlagabrot.
- Hegningarlagabrotum fjölgar lítillega á milli mánaða.
- Brotin voru fleiri en meðaltal síðustu þrjá mánuði á undan sem og síðustu 12 mánuði.
- Hegningarlagabrotum hefur fjölgað um rúmlega þrjú prósent samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.
- Hegningarlagabrotum hefur þó fjölgað miðað við sama tíma í fyrra.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



- Fjöldi tilkynninga um þjófnaði voru 377 í júní, sem eru nokkuð fleiri tilkynningar en í maí.
- Þetta eru fleiri þjófnaðir en að meðaltali síðustu þrjá mánuði á undan sem og síðustu 12 mánuði.
- Tilkynningum um þjófnaði hefur fækkað um sex prósent samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.
- Á milli mánaða fjölgar öllum tegundum þjófnaða nema farsíma þjófnaðir og aðrir þjófnaðir




	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún
þjófnaður - innbrot	82	81	114	67	64	88	71	62	71	75	84	77	92
þjófnaður - hnupl	54	68	65	67	70	65	83	65	72	63	86	68	89
þjófnaður - gsm	47	41	55	61	51	52	57	53	53	57	60	56	33
þjófnaður - reiðhjól	93	59	69	74	53	38	9	6	10	16	42	54	64
þjófnaður - annað	88	101	104	116	98	96	52	83	73	91	130	106	99
þjófnaður alls	364	350	407	385	336	339	272	269	279	302	402	361	377




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



- Í júní voru 92 innbrot tilkynnt lögreglu, sem er fjölgun miðað við síðasta mánuð.
- Þetta eru fleiri innbrot miðað við meðaltal síðustu þriggja mánaða á undan sem og síðustu 12 mánaða.
- Innbrotum hefur fækkað um fimm prósent samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.
- Á milli mánaða fækkar tilkynningum um innbrot í fyrirtæki og heimili, en tilkynningum fjölgar hins vegar um innbrot í ökutæki og verslanir.



■ Heimili/einkalóð	23	27	35	29	20	27	35	20	18	22	30	31	17
■ Ökutæki	20	23	31	15	11	17	3	8	19	17	21	18	29
■ Fyrirtæki	12	7	10	8	12	17	11	12	11	6	13	12	10
■ Verslun	2	4	2	5	1	6	4	4	6	7	7	3	7
■ Annað	25	20	36	10	20	21	18	18	17	23	13	13	29




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




# Ofbeldisbrot

- Í júní bárust lögreglu 105 tilkynningar um ofbeldisbrot og er það fjölgun brota á milli mánaða.
- Þetta eru jafn mörg brot og að meðaltali síðustu þrjá mánuði á undan, en fleiri miðað við síðustu 12 mánuði.
- Skráð ofbeldismál voru um 84 prósent fleiri nú í júní miðað við júní í fyrra. Breytt verklag í heimilsofbeldismálum er líkleg skýring á þessari miklu fjölgun brota, en í um 38 prósent mála var um heimiliofbeldi að ræða.
- Ofbeldisbrotum hefur fjölgað um 17 prósent samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.




■ Líkamsárás, minniháttar	48	49	59	57	48	70	72	69	73	80	71	76	89
■ Líkamsárás, meiriháttar/stórfelld	8	12	17	12	12	10	12	16	10	14	17	10	13
■ Önnur ofbeldisbrot	1	2	1	7	3	2	3	2	5	2	0	3	3
Ofbeldisbrot alls	57	63	77	76	63	82	87	87	88	96	88	89	105



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



# Ofbeldi gagnvart lögreglumanni




## Ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Skráð voru fjögur tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi í júní.
- Tilvikum þar sem lögregla hefur verið beitt ofbeldi hefur fjölgað um 29 prósent það sem af er ári miðað við meðaltal síðustu þriggja ára.



## Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Skráð voru fjögur tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi í júní.
- Hótunum gagnvart lögreglumanni hefur fækkað um tvö prósent samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.

## Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



## Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

# Kynferðisbrot

- Tilkynnt var um tíu kynferðisbrot sem áttu sér stað í júní, sem er fækkun á milli mánaða.
- Þetta eru færri brot en að meðaltali síðustu þrjá mánuði á undan sem og síðustu 12 mánuði.
- Kynferðisbrotum hefur fækkað um 28 prósent samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára. En fjöldinn er svipaður og á sama tíma í fyrra
- Mikill fjöldi kynferðisbrota var tilkynntur í byrjun árs 2013 sem dregur upp meðaltalið.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.






- Í júní voru skráðar 106 tilkynningar um eignaspjöll. Tilkynningum fækkar á milli mánaða.
- Það er sambærilegt miðað við meðaltal síðustu mánaða.
- Jafn margar tilkynningar um eignaspjöll hafa borist í það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.
- Á milli mánaða fækkar tilkynningum um meiriháttar og önnur eignaspjöll.
- Á milli mánaða fjölga tilkynningum um ruðubrot og veggjakrot.



	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún
Rúðubrot	39	36	36	34	37	38	24	36	33	33	39	32	39
Veggjakrot	4	5	6	4	5	9	5	6	2	2	2	0	6
Önnur minniháttar eignaspjöll	54	68	62	53	69	73	67	59	61	65	67	67	58
Meiriháttar eignaspjöll	2	2	5	0	0	7	4	5	2	2	1	8	3
Eignaspjöll alls	99	111	109	91	111	127	100	107	98	102	109	107	106





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



# Nytjastuldur ökutækja

- Skráð var 31 tilkynning um nytjastuld á vélknúnum farartækjum í júní. Tilkynningum fjölgar á milli mánaða.
- Fjöldinn er yfir meðaltali síðustu þriggja mánaða á undan sem og meðaltali síðustu 12 mánaða.
- Tilkynningarnar eru um 77 prósent fleiri en að meðaltalið síðustu þrjú ár.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



# Fíkniefnabrot

- Í júní var skráð 131 fíkniefnabrot og eru það fleiri brot en í maí.
- Fjöldinn er yfir meðaltali síðustu þriggja og síðustu 12 mánaða.
- Brotunum hefur fækkað um 11 prósent samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



# Umferðarlagabrot

- Umferðalagabrot voru 1.886 talsins í júní, en það er fækkun á milli mánaða.
- Fjöldinn er undir meðaltali síðustu þriggja mánaða, en yfir meðaltali síðustu 12 mánaða.
- Brotunum hefur fjölgað um 21 prósent samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.





# Akstur undir áhrifum

## Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

- Skráðum brotum fækkar á milli mánaða.
- Fjöldi tilvika er yfir meðaltali síðustu þriggja mánaða sem og síðustu 12.
- Brotum hefur fjölgað um eitt prósent miðað við sama tímabil síðustu þriggja mánaða.

## Ölvun við akstur

- Skráðum brotum fækkar á milli mánaða.
- Fjöldi tilvika ölvunar við akstur er yfir meðaltali síðustu þriggja mánaða sem og síðustu 12 mánaða.
- Brotum hefur fækkað um 24 prósent miðað við sama tímabil síðustu þriggja mánaða.






Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



# Umferðarslys

- Tilkynnt var um 35 umferðarslys í júní.
- Fleiri umferðarslys voru skráð í júní miðað við meðaltal síðustu þriggja og síðustu 12 mánaða.
- Umferðaróhöppum sem eru tengd akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna fækkaði um 53 prósent samanborið við síðustu 3 mánuði.
- Umferðaróhöpp sem eru tengd ölvunarakstri fjölgaði um 15 prósent samanborið við síðustu 3 mánuði.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

